

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 312/2005, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2005-2006.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 1. gr. reglnanna, sem fjallar um fjöldatakmörkun í læknadeild, koma þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í geislafræði, háskólaárið 2005-2006, takmarkast við töluna 10.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í lífeindafræði, háskólaárið 2005-2006, takmarkast við töluna 15.

Um framkvæmd fjöldatakmörkunar í læknadeild gilda annars vegar reglur nr. 1042/2003, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrahjálfunarskor og hins vegar reglur nr. 540/2005, um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði. Reglurnar eru aðgengilegar á vef læknadeildar.

2. gr.

Fyrstu tveir málsliðir E-liðar 4. gr. reglnanna, sem fjallar um inntöku nemenda í meistaranám í náms- og starfsráðgjöf, breytast og verða svohljóðandi:

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (til M.A.-gráðu eftir viðbótar- eða diplománám, 30 einingar) takmarkast við töluna 25. Miðað er við að álíka margir nemendur verði teknir inn í fullt nám og hlutanám.

3. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fenginni tillögu viðkomandi háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2005-2006.

Háskóla Íslands, 25. maí 2005.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.